

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 07.04. 2016.

Fundarstaður: Víghólastíg

Fundur settur kl. 20.00. Mættir eru : DS, GS, BB, HB, KSI og SS

- Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar er að skipta með sér verkum.
Daði verður gjaldkeri, Kristín ritari og Bylgja verður varaformaður.
- Vinnuferð rædd. GS og Helgi Haraldsson skoðuðu möguleg verkefni, ákveðið var að gera stíg út að Tröllaenda og settur upp bekkjarstæði þar og gengið frá við brennustæðið. Einnig er stefnt að að setja upp áningarstað við vörðuna á leiðinni að bátaskýlinu. Stíginn innan við Skrínu þarf að laga, efni rennur aðeins úr honum. Rædd voru efnismál, meira vantar af efni til stígagerðar og annara tilfallandi verkefna í Flatey.
- Tillaga er að slökkviæfing verði sama dag og menn koma í Flatey helgina 27. Júní.
- Ræddar tillögur um fulltrúa í stjórnarsýslunefndina.
- Möguleikar ræddir á að koma upp vefmyndavél í Flatey.
- Fráfarandi gjaldkerfi skilaði af sér gögnum. Pappírsvinna v/prókúruyfirfærslu var unnin og skil í bankann undirbúin.

Fundi slitið kl. 22:00